



# Listasafn Reykjavíkur á tímum COVID19

Menningar-, íþróttar og tómstundaráð

25. maí 2020

Ólöf Kristín Sigurðardóttir

# Hvað hefur áhrif á fjárhagsstöðu LR í kjölfar COVID19

- Lokun
- Fjöldatakmarkanir
- Hrun í aðsókn erlendra ferðamanna
- Hrun í útleigu á rými safnsins
- Samdráttur í stuðningi einkaaðila
- Gengisþróun
- Aðsókn innlendra gesta – verslað í heimabyggð
- Breytingar á sýningadagskrá 2020, 2021 og 2022

# Breytilegur kostnaður

Breytilegur kostnaður á árinu 2020 er áætlaður **172.983.- m.kr.**

Breytilegur kostnaður er greiðslur til listamanna, sýningarstjóra, fræðimanna, forvarða, þýðenda, þátttaka í listaverkagerð, greiðslur til sjálfstætt starfandi hönnuða, fræðimanna og listamanna sem koma inn í tímabundin verkefni við miðlun, greiðslur til iðnaðarmanna vegna sýningagerðar, merkingarfyrirtækja, prentiðnaðarins, efniskaupa vegna sýningagerðar og vörukaupa til endursölu svo eitthvað sé nefnt.

# Listasafn Reykjavíkur

Heildar rekstrarkostnaður 595.935.000.-

- Húsnæði 176.800.000.-
- Launakostnaður 246.152.000.-
- Breytilegur kostnaður 172.983.000.-
- Tekjur 134.543.000.-
  
- Áætlað heildar tekjutap 60.000.000.-

# Útkomuspá

Útkomuspá með 3 mánaða uppgjöri er skilað í mínus og er hún unnin í mikilli óvissu um tekjuliði safnsins á komandi mánuðum og á það við bæði um aðgangseyri, vörusölu og útleigu á húsnæði. Stærsti óvissuþátturinn eru áætlaðar tekjur af erlendum ferðamönnum. Tekjur af erlendum ferðamönnum standa undir stærstum hluta einskíptis(dýrasta) aðgangs að safninu. Sjálfaflafé stendur undir meirihluta kostnaðar við verkefni safnsins ef frá er talinn fastur kostnaður.

# Áhættur í rekstri

Hlutfall sjálfaflafjár í rekstri Listasafns Reykjavíkur hefur aukist stöðugt á undanförnum árum og hefur haldist í hendur við aukinn ferðamannastraum. Erlendir ferðamenn standa undir stærstum hluta einskis (dýrasta) aðgangi að safninu. Í ljósi þessa er rík ástæða til að hafa í huga að það er veruleg áhætta felst í að reiða sig í jafn miklum mæli á slíkar sértekjur til að standa undir þjónustunni, en þessar sértekjur eru verulegur hluti af rekstrarkostnaði stofnunarinnar. Bent hefur verið á þessa hættu og vísað til reynslu síðustu ára þegar dró úr straumi ferðamanna til landsins. Í ljósi atburða í upphafi árs 2020 má vera ljóst að reksturinn verður fyrir gríðarlegum skakkaföllum sem taka þarf tillit til í ár og á komandi árum með auknum framlögum.